

**Ed.**

**606. Frumvarp til laga**

[311. mál]

um breyting á lögum nr. 14/1973, sbr. lög nr. 21/1977, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Á eftir 6. gr. komi ný 7. gr., svohljóðandi (núverandi 7. gr. verður 8. gr.):

Heimila má fjölbrautaskóla að standa fyrir námskeiðum, þ. á m. kvöldskóla, fyrir þá sem komnir eru af venjulegum skólaaldri og hentar ekki að sækja reglulega kennslu skólans en æskja að ljúka námi hliðstæðu því sem í boði er á námsbrautum hans. Slíka heimild veitir menntamálaráðuneytið að fengnu samþykki annarra aðila að rekstri skólans. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi þessa og um námskeiðsgjöld, er skulu miðast við að standa undir allt að þriðjungu kennslulauna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Samhliða þessu frv. um breyting á lögum um heimild til að stofna fjölbrautaskóla er lagt fyrir Alþingi hliðstætt frv. um breyting á lögum um menntaskóla, en bæði hafa frumvörpin að markmiði að treysta lagagrundvöll þeirrar kennslustarfsemi í þágu fullorðinna, sem fram fer á vegum ýmissa mennta- og fjölbrautaskóla í „öldungadeildum“ sem svo eru oft nefndar. Í athugasemdum við frv. til breytinga á lögum um menntaskóla eru tildrög þessarar starfsemi stuttlega rakin og getið skóla sem að henni standa, en meðal þeirra eru sex fjölbrautaskólar. Starfsemi öldungadeilda styðst við heimild í reglugerð um menntaskóla, en beinum lagaákvæðum er ekki til að dreifa. Þykir eðlilegt, með hliðsjón af þeirri þróun sem orðið hefur, að lagaleg staða deildanna verði styrkt, hvort heldur þær eru reknaðar í tengslum við menntaskóla eða fjölbrautaskóla.

Meðan öldungadeildir voru aðeins við menntaskóla beindist kennslan eingöngu að stúdentsprófi. Eftir að sambærileg starfsemi komst á í tengslum við fjölbrautaskóla hafa námsmarkmiðin orðið nokkru breytilegri, eftir því hvaða námsbrautir er um að ræða á hverjum stað.

Þótt ekki hafi verið settar heildarreglur um starfsemi öldungadeilda hefur hin síðustu ár verið leitast við að fylgja fram nokkrum grundvallarkröfum um tilhögun og markmið fullorðinsfræðslu til að hún nyti fjárhagsstuðnings af almannafé með þeim hætti sem tíðkast hefur um öldungadeildir. Þannig hefur heimild til starfrækslu fullorðinsfræðslu á vegum fjölbrautaskóla yfirleitt verið miðuð við eftirfarandi forsendur:

1. Árlega verði lögð fyrir menntamálaráðuneytið til samþykktar áætlun um fyrirhugaða kennslu, námsáfangi og fjölda nemenda í hverjum hóp.
2. Náms- og prófkröfur verði hinar sömu og í hliðstæðum áföngum í reglulegu starfi skólans. Nemendur skrái sig á ákveðnar námsbrautir.
3. Afnot af skólahúsnæði og kennslutækjum verði látin í té án sérstaks gjalds.
4. Launakostnaður skiptist jafnt milli þriggja aðila: Ríkissjóðs, sveitarfélaga þess eða sveitarfélaga, sem að skólanum standa, og nemenda.
5. Annar rekstrarkostnaður skiptist milli ríkissjóðs og aðildarsveitarfélags eða sveitarfélaga í sömu hlutföllum og hliðstæður kostnaður við reglulega starfsemi skólans.

Þessi skilyrði taka m. a. mið af því viðhorfi, að gera beri ákveðnar kröfur um að kennsla í „öldungadeildum“ miði markvisst að tilteknum námslokum í samræmi við reglulega

starfsemi „móðurskólans“ og námið sé að öllu jafngilt í öldungadeild og dagskóla. Jafnframt er með skilyrðunum leitast við að tryggja, að ekki sé efnt til öldungadeildarkennslu nema eðlilegar rekstrarforsendur séu fyrir hendi, þ. á m. að því er varðar nemendafjölda.

*Athugasemdir við einstakar greinar.*

Um 1. gr.

Þar sem fjölbrautaskólar eru reknir sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, einu eða fleiri, er eðlilegt að samþykki allra rekstraraðila sé áskilið til að heimild til öldungadeildarkennslu á vegum skólans verði veitt. Gert er ráð fyrir, í samræmi við hlutverk fjölbrautaskóla, að slík kennsla þurfi ekki að einskorðast við stúdentspróf heldur geti einnig miðast við önnur lokapróf sem stefnt er að á námsbrautum skólans. Þá er og gert ráð fyrir, að í reglugerð sé kveðið nánar á um starfsemi þessa, sbr. m. a. það sem rakið er hér að framan um þær viðmiðunarreglur sem mótast hafa í framkvæmd um heimild til starfrækslu öldungadeilda á vegum fjölbrautaskóla.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.